



Horft upp Búðargil um 1910.
Looking up Búðargil around 1910.



AKUREYRI

Búðargil

Nú ertu í Búðargili er dregur nafn af búðum kaupmanna er stóðu á Akureyrinni. Árið 1860 var Búðargil eitt af þremur hverfum bæjarins. Í hlíðinni fyrir ofan þig eru enn kartöflugarðar en þar hófst kartöflurækt Akureyringa árið 1808 þegar Hans Vilhelm Lever kaupmaður potaði útsæðinu niður og uppskar 70 tunnur jarðepla. Aðeins tólf árum síðar var þar kominn stór kartöflugarður er þakti nánast alla brekkuna og brosti mót suðri. Þetta er fegursta brekka Íslands, skrifaði ein fyrsta frjálsræðishetja Íslendinga, Baldvin Einarsson, árið 1831.

Ofar í brekkunni sérðu móta fyrir gömlum veggjabrotum. Þau eru minjar um vatnsveitu Akureyringa sem komst í gagnið sumarið 1903.

Búðargil fósttraði helstu skíðamenn Akureyrar og Íslands, Magnús Brynjólfsson, Ólympíufara 1948 og Magnús Guðmundsson margfaldan Íslandsmeistara í Alpagreinum en þeir bjuggu nánast að segja í skíðabrekkunni sem var í bröttum norðurhlíðum Búðargils. Ef þú hefur þrek og þor, gakktu þá upp bratt gilið uns þú sérð merktan göngustíg á vinstri hönd. Stígurinn leiðir þig á slóðir barnabókahöfundarins Jóns Sveinssonar, Nonna, en var áður fyrr alfaraleið í kaupstaðinn við Pollinn. Að lokum þetta: Gatan niður Búðargil heitir Lækjargata og minnir á þá staðreynd að gilið er gamall lækjarfarvegur. Gilið heitir eftir sem áður Búðargil.

The Gully

Now you are in the gully of Búðargil, named after merchant booths built on the sand bank of Akureyri, which was formed by deposits from Búðarlækur brook. In 1860 Búðargil was one of the town's three residential areas. On the slopes above you, potato plots are still to be found, where, following the lead of merchant Hans Vilhelm Lever, the townspeople began to grow their own potatoes in 1808. Only twelve years later nearly the entire slope had been converted into a huge potato plot basking in the sun from the south.

Now, try to spot the ruins of old walls higher up on the slope. Those are the remnants of a water utility which was constructed by the people of the old town in summer 1903 and remained their private property.

In Búðargil resided some of the foremost skiers in Akureyri, who practically lived in the area designated for advanced skiers, the steep north slopes of Búðargil. If you walk up the steep gully you will see a marked footpath to the left which leads you to the childhood home of Nonni (Jón Sveinsson), the renowned author of children's stories. Finally, the street down Búðargil is known as Brook Street (Lækjargata), reminding us of the fact that the gully is an old watercourse.




Búðarlækurinn neðan við Apótekið, Aðalstræti 4, áður en hann var settur í pípur og falinn sjónum undir Breiðagangi. Búðarlækur (the Búðargil Brook) before it was channelled into pipes and disappeared from sight into the sea.



Skíðað var um allar brekkur bæjarins. Skíðakonur um 1905. Skiing was popular on the slopes of Akureyri (picture 1905).



Í brekkunni milli Lækjargötu 18 og 22 má enn sjá rústir af húsi sem byggt var yfir vatnslind Akureyringa 1903. Above Lækjargata 18 and 22 can be seen ruins of a house built over Akureyri's springs, around 1903.



Búðargil um 1930. Stóra dökka húsið fyrir miðri mynd var ráðhús bæjarins, byggt 1874. Á efri hæð voru fangageymslur en á neðri hæð fundarsalur og bókageymsla. Húsið brann 1938. Búðargil around 1930. The large dark-coloured building was built in 1874 and housed the municipal offices. It burned to the ground in 1938.



www.visitakureyri.is



MINJASAFNIÐ Á AKUREYRI
AKUREYRI MUSEUM



NORÐURLOKA